

NÁMSKRÁ

Smiðja 1 – 2, 2

Færni á vinnumarkaði



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

NAFN NÁMSKRÁR

Smiðja 1-2, 2 – Færni á vinnumarkaði
Námskrá númer 24- 567-1-180

VINNUSTUNDIR HVERS NEMA

180 klukkustundir

ÆTLAÐ FYRIR

Fullorðið fólk eldra en 18 ára sem hefur stutta formlega skólagöngu að baki og vill undirbúa sig fyrir ákveðið starf samkvæmt námslýsingu við þessa námskrá.

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
Fyrsta útgáfa, 2024.

Efnisyfirlit

NÁMSKRÁ	4
TITILL: SMÍÐJA 1 – 2, 2 FÆRNI Á VINNUMARKAÐI	4
LÝSING.....	4
INNTÖKUSKILYRÐI	4
MARKHÓPUR.....	4
HÆFNIVIÐMIÐ.....	5
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMS	5
Þekkingarviðmið:.....	5
Leikniviðmið:	5
Hæfniviðmið:.....	5
SKIPULAG	6
NÁMSMAT	6
STARFSNÁM.....	6
UMFANG OG INNIHALD	6
YFIRLITSTAFLA	7
NÁMSÞÆTTIR.....	8
NÝ VERKEFNI, NÝTT STARF 1 – 2.11 F-SMIÐ 1 HV (28).....	8
VERKLAG OG VINNUBRÖGÐ 1 – 2.12 F-SMIÐ 2 FS (2).....	9
STARFSÞJÁLFUN - LEIÐSÖGN 1 – 2.13 F-SMIÐ 1 SL (31)	10
ÞJÁLFUN OG SJÁLFSTÆÐ VINNA 1 – 2.14 F-SMIÐ 1 ÞÆ (29).....	11
SJÁLFSTÆÐ VINNA OG ÞJÁLFUN 1 – 2.15 F-SMIÐ 1 SP (30)	12
VERKLOK 1 – 2.16 F-SMIÐ 2 VL (1).....	13
VIÐAUKAR VIÐ NÁMSKRÁ, SMÍÐJA 1 – 2.2 FÆRNI Á VINNUMARKAÐI.....	14
<i>Verkdagbók</i>	14



Námskrá

Vísað er til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (www.frae.is) á lista yfir hugtök í námskrám og námslýsingum FA.

Titill: Smiðja 1 – 2, 2 Færni á vinnumarkaði

Lýsing

Námskráin, *Smiðja 1 – 2, 2 Færni á vinnumarkaði*, lýsir námi á 1. þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Námskráin er grunnur að námslýsingu sem tekst á við hvert starf sem þjálfar skal til samkvæmt hæfniprepi námskrárinnar. Megintilgangur með náminu er að nemar/þátttakendur fái góða innsýn í, læri og þjálfist í vinnulagi við að leysa verkefni sem felast í því starfi sem námslýsing fæst við. Ennfremur að fræða og ræða helstu þætti almennrar starfshæfni og skyld mál sem tekið er á í námskránni.

Þjálfun felst í að vinna verk sín á vandaðan og hagkvæman hátt með öryggi sitt og annarra í huga. Áhersla er á notkun hugtaka í tengslum við starfið ef þörf er á og verkfæri og efni sem við geta átt hverju sinni. Í náminu er gert ráð fyrir að nemi vinni verkið en með aðstoð ef þarf, í fyrstu, til að ná markmiðum námsins. Með kynningu, samræðu og verklegri þjálfun öðlast nemar færni, verkunnáttu og þjálfun til starfsins og þar er einkum litið til hagnýtra viðfangsefna. Í því felst m.a. að nemar fái ítarlegar munnlegar og sjónrænar leiðbeiningar og stuðning ef þarf.

Markmið með *Smiðju 1-2, 2 Færni á vinnumarkaði* er að efla hæfni fólks til að sinna ákveðnum störfum á sérstöku sviði samkvæmt námslýsingu við þessa námskrá og því rík áhersla á vinnustaðanáam sem er stór hluti námskrárinnar og fer fram við raun aðstæður, á vettvangi hvers starfs. Viðmið eru einkum að nemar afli þekkingar og þjálfari upp leikni fyrir tiltekin störf.

Námskráin er skrifuð sem snið til að útfæra lýsingar í þeim störfum sem þjálfar á fólk fyrir að vinna (námslýsingar / lýsingar á þjálfun til starfs / nám). Í því felst að:

- FA er ábyrgt fyrir því að lýsing verkefnis / náms uppfylli kröfur til námskrár FA. Skal FA því staðfesta námslýsingu þegar hún telst uppfylla kröfur sem tilsvarendi námskrá gerir. Þá birtir FA námslýsingu á vef sínum undir námskrá sem við á.
- Lýsing vinnustofu/hvers verkefnis byggir á námskránni **Smiðja 1 – 2, 2 Færni á vinnumarkaði** og er þannig merkt.
- Heildar vinnuframlag nema samkvæmt námskránni er 180 klukkustundir. Námið skiptist í sex námsþætti.

Með smiðju er fyrst og fremst leitast við að byggja upp og styrkja þekkingu á og verklega hæfni í tilteknum störfum en einnig aðra mikilvæga þætti eins og samskiptafærni, réttindi og skyldur sem tengjast því að vera á vinnumarkaði, taka virkan þátt í samfélaginu og að fá tækifæri til að þróast í starfi. Helstu áhersluatriði eru hagnýt viðfangsefni af ýmsum toga. Nemar læra og þjálfast í að vinna verkin svo haganlega sem lagt er upp með (kennt er) auk þess að leggja sig fram um að tímaáætlun standist þar sem við á.

Í námskránni er gert ráð fyrir um 110 klukkustunda viðbótar vinnuframlagi nema. Hátt hlutfall viðbótar vinnuframlags nema byggir einkum á fjölda klukkustunda við þjálfun í vinnustaðanámi.

Námsþættir smiðjunnar eru teknir fyrir í þeirri röð sem þeir koma fyrir í námskránni, eða að einhverju marki samhliða út frá númerum og tillögum sem koma fram undir forkröfur í hverjum námsþætti.

Inntökuskilyrði

Fullorðið fólk 18 ára eða eldra sem á stutta skólagöngu að baki í formlegu skólakerfi og vill undirbúa sig fyrir ákveðið starf samkvæmt námslýsingu við þessa námskrá.

Markhópur

Samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu.



Hæfniviðmið

Hæfniviðmið mæla þá hæfni sem nemandur þurfa að búa yfir að námi loknu, þau lýsa færni/stöðu hvers nema við námslok og endurspegla breyttar áherslur í fræðslumálum um allan heim. Þannig er neminn í brennidepli svo sjónarhorninu hefur verið snúið frá því að horfa á hvað leiðbeinandi gerir yfir í það að horfa á hvaða hæfni nemi þarf að búa yfir við námslok.

Áður:	Nú:
<ul style="list-style-type: none">• Kennsla• Hvað þarf að kenna einstaklingi?	<ul style="list-style-type: none">• Færniuppbygging• Hvað þarf einstaklingurinn að vera fær um að gera?

Almennt eru notaðar tvær gerðir hæfniviðmiða, hæfniviðmið (lokaviðmið) náms/námskrár eða námsleiðar og hæfniviðmið námsþáttar (áfanga). Í hæfniviðmiðum er einstaklingur í námi aðal sjónarhornið, þ.e. hvað einstaklingurinn lærir, í stað þess að einblína á hvað leiðbeinandinn gerir. Náms einstaklingsins er aðalatriði og viðmiðin segja til um hvaða þekkingu, leikni og hæfni sá/sú sem lýkur námi þarf að búa yfir. Hæfniviðmiðin skulu vera mælanleg og því mikilvægt að þau séu skýrt orðuð og beri með sér hvað einstaklingur á að geta gert við lok náms.

Hæfniviðmið varða bæði afmarkaða þætti þekkingar og leikni en einnig langtímamarkmið. Þau vísa til þekkingar jafnt sem vinnubrögða. Hver námsþáttur hefur skilgreind hæfniviðmið sem námsfólk hefur kost á að uppfylla með mismunandi hætti og er þeim lýst með hverjum námsþætti fyrir sig. Auk þess eru sett hæfniviðmið fyrir lok námskrár sem heildar og eru þau hér fyrir neðan.

Hæfniviðmið náms

Að loknu námi þurfa nemandur að búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum. Nánar er vísað til hæfniviðmiða einstakra námsþátta:

Þekkingarviðmið:

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- að nota algengt mál tengt verklagi í starfinu
- eigin heilsuefningu og viðhorfi til vinnu
- virkni og eiginleikum búnaðar og áhalda í vinnu, ef við á
- reglum og leiðbeiningum sem gilda á vinnustað
- fyrirmælum um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti starfsfólks
- mikilvægi samvinnu og jákvæðra viðhorfa til vinnu og breytinga
- notkun verkdagbókar.

Leikniviðmið:

Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- fylgja reglum á vinnustað
- vinna samkvæmt leiðbeiningum leiðsagnar á vinnustað
- nota viðeigandi efni í samræmi við leiðbeiningar, ef við á
- nota viðeigandi búnað og áhöld
- fylgja öryggisreglum í samræmi við fyrirmæli
- nota algengt mál sem tengist vinnunni.

Hæfniviðmið:

Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:



- fylgja reglum á vinnustað
- vinna samkvæmt leiðbeiningum starfsþjálfva á vinnustað
- gera ráðstafanir til að tryggja öryggi sitt
- vinna verkefni í samstarfi við samstarfsfólk
- sýna þjónustulipurð við viðskiptavinum, ef við á.

Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra sem hefur umsjón með náminu, nemendahópnum, leiðbeinendum og allri framkvæmd. Mikilvægt er að leiðbeinendur séu í reglulegu sambandi og samstarfi við starfsþjálfva nemanna.

Verkefnastjóri sér til þess að námsþættir séu samþættir eins og kostur er og í rökréttu samhengi, ber ábyrgð á þjónustu við nema í tengslum við fyrirkomulag náms. Einnig að leiðbeinendur skili og kynni nemum kennsluáætlun hvers námsþáttar. Áhersla er á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta námshópnum, beiti samþættingu og leitist við að nota hversdagsleg viðfangsefni í innlögn og þjálfun tengd starfi og þeirri vinnu sem er framundan hjá nemum. Miðað er við að þjálfun á vinnustað fari fram að loknum fyrsta námsþætti og jafnvel samhliða öðrum námsþætti til að styðja við yfirfærslu náms eins og kostur er.

Námsmat

Námsrángur og námsframvinda er metin út frá hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun.

Við mat á hæfni skoðast þátttaka nema og áhersla lögð á að leiðbeinandi og nemar fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig nemum gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Nemar þurfa að standast hæfniviðmið náms til að ljúka námi. Námsmat nýtist sem staðfesting á námsrángri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

Starfsnám

Já, hluti náms er vinnustaðanám en námið er starfstengt með uppbyggingu og þjálfun til undirbúnings fyrir tiltekið starf og verkefni sem viðkomandi námslýsing námskrárinnar nær til.

Umfang og innihald

Námið er alls 180 klukkustundir og skiptist í sex námsþætti.

Í náminu er starfshæfnin þjálfuð með fjölbreyttum aðferðum í tengslum við viðfangsefni sem staðið er frammi fyrir í starfinu eða mögulega einnig í samfélaginu. Útgangspunktur er að heildarmarkmið námsins náist.



Yfirlitstafla

Smiðja 1 – 2, 2 Færni á vinnumarkaði

Tafla 1: Heildarútlit, skipulag

Tími er tilgreindur í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. Fræðslu	Klst. framlag -viðbót	Þrep
Ný verkefni, nýtt starf 1-2.11	F- SMÍÐ1HV (28)	15	12	3	1
Verklag og vinnubrögð 1-2.12	F- SMÍÐ2FS (2)	20	13	7	2
Starfsþjálfun – leiðsögn 1-2.13	F- SMÍÐ1SL(31)	20	18	2	1
Þjálfun og sjálfstæð vinna 1-2.14 Vinnustaður	F- SMÍÐ1PÆ (29)	51	6	45	1
Sjálfstæð vinna og þjálfun 1-2.x15 Vinnustaður	F- SMÍÐ1SP (30)	59	6	53	1
Verklök 1-2.x16	F- SMÍÐ2VL (1)	15	15	0	2
Vinnuframlag nema alls		180	70	110	

Tölur í sviga í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

Frjálst val: nei



Námsþættir

Heiti námsþátta kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan og nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag. Þar fyrir aftan eru einkenni námsþátta úr namskra.is

Ný verkefni, nýtt starf 1 – 2.11

F-SMIÐ 1 HV (28)

Prep	1
Vinnustundir	15 (12+3)
Námshæfni	Smiðja, verkefni 1
Viðfangsefni	heilsuefning, undirbúningur, skipulag, vinnuumhverfi, mæting, viðhorf

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla almenna starfshæfni sem nauðsynleg er á vinnumarkaði og jafnframt að styrkja þekkingu og viðhorf til heilsuefningar og gegn fordómum. Svo namar nái að efla og/eða tileinka sér þá persónulegu hæfni sem nauðsynleg er: sem þátttakandi í samfélaginu; til að sinna starfi sínu vel undir leiðsögn; og til að geta þróast í starfi. Námið byggir á fjölbreyttum aðferðum til þjálfunar á starfshæfni: í tengslum við verkefni starfsins, í samfélaginu og jafnvel í einkalífi.

Í upphafi er fjallað um viðhorf okkar til þess að vera á vinnumarkaði. Sinna þeim störfum sem okkur er trúað fyrir og leysa þau vel af hendi. Umræða um viðhorf okkar til mætingar, að mæta á réttum tíma, taka hlé á réttum tíma og passa alltaf upp á að gera vel það sem við gerum. Hvað er mikilvægt í tengslum við mætingu og samskipti við vinnustað.

Mikilvægt að ræða saman um heilsuefningu og gildi heilsusamlegrar næringar, passa upp á andlega líðan, hreyfingu, hreinlæti og nægan svefn fyrir vinnudaginn. Sinna tómsundum í frítíma eftir vinnu. Fjallað er um að vera í vinnu, vinnuumhverfið og hvaða áskoranir geta falist í vinnunni. Gengið er út frá að namar fái munnlegar og sjónrænar leiðbeiningar og aðstoð eins og þurfa þykir.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvað felst í því að vera í vinnu
- mikilvægi þess að mæta á réttum tíma
- að upplýsa vinnustað um (væntanlega) fjarveru
- samvinna og samstarf á vinnustað
- mikilvægum þáttum í viðhorfi og samskiptum á vinnustað
- næringu, hreyfingu og hreinlæti í tengslum við vinnudaginn.

Leikniviðmið: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- skoða eigin viðhorf til vinnunnar
- finna hentuga leið til eigin heilsuefningar
- nýta námið til að geta sinnt vinnu sinni
- ræða mögulegar áskoranir við vinnu.

Hæfniviðmið: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- ræða eigin skoðanir á samhengi vinnu og tómsunda
- spjalla um samskipti og leiðir til farsællar samvinnu.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.



Verklag og vinnubrögð 1 – 2.12

F-SMIÐ 2 FS (2)

Þrep	2
Vinnustundir	20 (13+7)
Námsgrein	Smiðja, verkefni 2
Viðfangsefni	fjölmenning, samskipti, samvinna, skipulag, verkdagbók, vinnubrögð

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að undirbúa nema sem best fyrir vinnustaðanám. Farið er yfir vinnubrögð, (verklýsingu) og verkfæri (tæki og tól) eins og við á. Áhersla er á að fjalla um vinnuumhverfi út frá samskiptum við samstarfsfólk og við viðskiptavini þar sem við á. Þá er farið ítarlega í mikilvægi samvinnu, samstarfs og góðs starfsanda í vinnunni. Kynnt og rætt um mikilvægi þess að við tökum öll ábyrgð á eigin heilsu og öryggi við vinnuna m.a. til að styrkja sjálfstraustið.

Fjallað er um samhengi milli sjálfstrausts og framkomu m.a. í samskiptum við annað fólk og mikilvægi þess að efla færni til að vinna í hópi. Þá er fjölmenning, fordómar, áreiti og einelti skoðað út frá ólíkum hliðum.

Nemar fá fyrstu þjálfun í gerð verkdagbókar í tengslum við vinnuna. Gert er ráð fyrir að öll haldi verkdagbók daglega og fari reglulega yfir bókina með leiðbeinanda (og/eða starfsþjálfva/leiðsögn á vinnustað).

Undirbúningur fyrir vinnustaðþjálfun, m.a. að klæðast sýnileikafatnaði og öðrum vinnufatnaði, þar sem við á, auk þess við hverju nemar megi búast þegar mætt er á (nýjan) vinnustað. Farið yfir notkun algengra fagtengdra orða. Þá er komið inn á helstu þætti vinnuverndar, vellíðan og líkamsbeitingu við vinnu.

Forkröfur: Ný verkefni, nýtt starf 1-2.11 – eða samhliða, mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- gagnsemi verkdagbókar
- vinnuvernd og líkamsbeitingu
- helstu þáttum fjölmenningar
- að fara eftir fyrirmælum við vinnuna
- setja upp verkdagbók fyrir vinnuna
- samvinnu og samstarfi á vinnustað.

Leikniviðmið: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- fylgja fyrirmælum þess sem stjórnar (leiðsögn / starfsþjálfvi)
- vinna verkefni sem tilheyra starfinu
- nota viðeigandi áhöld og búnað
- nota algeng fagorð
- gera verkdagbók.

Hæfniviðmið: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna að verkefni samkvæmt fyrirmælum leiðsagnar
- vanda öll samskipti
- tileinka sér vinnubrögð sem henta fyrir verkið.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Starfsþjálfun - leiðsögn 1 – 2.13

F-SMIÐ 1 SL (31)

Þrep	1
Vinnustundir	20 (18+2)
Námsgrein	Smiðja, verkefni 3
Viðfangsefni	leiðbeining og stuðningur þjálfunar, réttindi og skyldur, verkdagbók

Lýsing

Verkefni starfsins eru skoðuð út frá getu og hagkvæmni. Stuðningur og hvatning til að nemar nái sem allra best að vinna verkin. Ræddar mögulegar leiðir við að leysa einstaka verkefni og mögulega forgangsröðun verkefna. Fjallað um starfsemi stéttarfélaganna og þjónustu þeirra sem nemar geta nýtt sér.

Tilgangurinn er að vera nemum í vinnustaðþjálfun til stuðnings auk þess að fara með nemum yfir áskoranir sem upp koma í starfi. Námsþátturinn er skipulagður af fræðsluaðila í samstarfi við hvern vinnustað og við VMST. Nemar fá reglulega leiðbeiningar um efni sem þau eru órugg með út frá þeirri innsýn sem þegar er komin í starfið.

Verkefni starfsins eru skoðuð út frá kröfum, getu og hagkvæmni til að nemar nái sem bestu möguleikum til að vinna verkefni. Verklýsing vinnunnar er rædd (og lesin ef við á), farið yfir alla verkþætti sem vinnan snýr að. Ræddar mögulegar leiðir við að leysa einstaka verkefni.

Hér er einkum litið til árangurs í samskiptum, samvinnu og til þjálfunar í verklagi, að fylgja fyrirmælum og viðeigandi listum í tengslum við verkefni ef við á. Námsþátturinn byggir einnig á heimsóknum VMST á vinnustað á meðan vinnustaðanám fer fram.

Námsfólk er hvatt til að fylla daglega í verkdagbók allt það helsta sem gert var eða kom upp. Nemi og leiðbeinandi fara reglulega yfir helstu þætti úr verkdagbók og ræða hvernig allir þættir ganga eins og efni standa til.

Forkröfur: Verklag og vinnubrögð 1-2.12 – eða samhliða 1-2.14 og 1-2.15, mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- röð verkefna í vinnunni, eins og við á
- mikilvægi þess að fara vel með efni, kostnaður og umhverfi
- að nýta vinnutíma vel
- samskiptum við samstarfsfólk og viðskiptavini, ef við á.

Leikniviðmið: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- vinna verkefni eftir verklýsingum (og teikningum ef við á)
- gera verkdagbók reglulega (eftir hvern dag)
- vinna með samstarfsfólki
- skipuleggja verkefni dagsins í vinnunni.

Hæfniviðmið: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna á skilvirkan hátt með öðru fólk að verkefni
- spjalla um úrlausn verkefnis
- meta verk sitt með það fyrir augum að bæta eigin árangur.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Þjálfun og sjálfstæð vinna 1 – 2.14

F-SMIÐ 1 ÞÆ (29)

Þrep	1
Vinnustundir	51 (6+45)
Námsgrein	Smiðja, verkefni 4
Viðfangsefni	fyrirmæli, samskipti, verkdagbók, vinnutími, vinnubrögð

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að æfa verklag og þjálfast í að fylgja leiðsögn / fyrirmælum í tengslum við verkefni starfsins eins við á. Kynnast vinnustað og fyrirkomulagi þar. Þjálfast í að vinna ákveðin verkefni sem starfið segir til um. Kennsla á og þjálfun í að nota þann búnað sem starfið getur krafist. Einnig er áhersla á að þjálfar samvinnu við samstarfsfólk m.a. við að leysa verkefni. Auk þess er rætt um framkomu og þjónustulipurð við viðskiptavini þar sem við á. Nemar fá upplýsingar um vinnutíma, hlé í vinnu (hressingar- og hvíldarstundir) og öll gögn / upplýsingar sem tengst geta starfinu. Gert er ráð fyrir að nemar fái hér ítarlegar leiðbeiningar og útskýringar, munnlegar og sjónrænar, á verkefnum starfsins. Fyrstu vikur er farið daglega yfir leiðbeiningar með nemum og gengið úr skugga um sameiginlegan skilning á öllum þáttum.

Áhersla er á að nemar færi jöfnum höndum í verkdagbók. Nemar vinna drög að skipulagningu vinnu verkefnis með stuðningi ef þarf, nota upplýsingatækni við ákveðin verk ef þarf, auk þess að nota lista yfir verkefni sem sinna skal daglega m.v. umsamda viðveru.

Reglulega fara nemi og starfsþjálfari / leiðbeinandi yfir hvernig vinnan hafi gengið og leysa úr málum sem þurfa úrlausnar við.

Forkröfur: Starfsþjálfun – leiðsögn 1-2.13 – eða samhliða, mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sérstöku verklagi sem viðhafa þarf við verk, ef við á
- mikilvægi þess að fara vel með allt efni (kostnaður, viðkvæmt efni, umhverfi)
- vinnustaðnum
- verkefnum sem starfið felur í sér
- framkomu við þjónustu og samvinnu.

Leikniviðmið: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- vinna verkin samkvæmt verklýsingum og leiðbeiningum
- fylgja fyrirmælum um vinnutíma og hlé frá vinnu
- notkun upplýsingatækni í tengslum við vinnuna
- gera verkdagbók reglulega (eftir hvern dag).

Hæfniviðmið: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna á skilvirkan hátt með samstarfsfólki
- sýna þjónustulipurð og kurteisi við viðskiptavini ef við á í starfi
- ræða um úrlausn verkefnis.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Byggir á samvinnu og samstarfi fræðsluaðila og leiðsagnar (starfsþjálfari) á vinnustað.

Sjálfstæð vinna og þjálfun 1 – 2.15

F-SMIÐ 1 SP (30)

Þrep	1
Vinnustundir	59 (6+53)
Námshæð	Smiðja, verkefni 5
Viðfangsefni	stuðningur, eftirfylgni, verkefni og þjálfun í heildarstarf, tileinkun vinnubragða, aukið sjálfstæði við vinnu, möguleg starfsþróun

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að styðja við nema til að nýta þá leiðsögn og þjálfun sem þegar er fram komin, styðja og efla nemana við verkefni hvers dags sem lagt er upp með auk þess að nýta möguleika til starfsþróunar sem gætu verið til staðar. Beint framhald á fyrri námsþætti (1-2.14).

Hér er einkum litið til þess að veita hvatningu og styrk við að auka sjálfstæði nema við vinnuna eftir þjálfun og leiðsögn úr fyrri námsþætti. Að nemar nái að tileinka sér vinnubrögð sem leiðbeint hefur verið með. Þjálfun, stuðningur og eftirfylgni í tengslum við meginþætti fyrri námsþátta með áherslu á heilsuefningu, mætingu, fjölmenningu á vinnustað í tengslum við samvinnu, samskipti og sjálfstæði nema í vinnunni og utan vinnu. Skipulagning á verkefnum dagsins eins og kostur er. Að nemar tileinki sér vinnubrögð sem kennd eru og að sinna verkefnum jafnt og þétt. Litið er til þess að nemar geti tileinkað sér aukið sjálfstæði við ákveðin verkefni starfs, tengst starfsumhverfi eins og kostur er og finni sig í starfinu. Eftirfylgni með réttindamálum í tengslum við réttindi og skyldur í starfi sem væntanlegur launþegi.

Forkröfur: Þjálfun og sjálfstæð vinna 1-2.14 – eða samhlíða, mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi þess að vinna verkefni jafnt og þétt
- hvernig góð vinnubrögð skila sér í betri heildar niðurstöðu
- mikilvægi þess að meta eigið vinnuframlag
- hvernig aukið sjálfstæði, góð heilsa og samskipti auka vellíðan í starfi.

Leikniviðmið: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- tileinka sér vinnubrögð sem kennd hafa verið
- sýna fram á sjálfstæði í vinnubrögðum
- viðhafa góð samskipti við samstarfsfólk
- nýta stuðninginn til sjálfsefningar.

Hæfniviðmið: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- meta verk sitt með það fyrir augum að bæta árangur
- sýna góða mætingu og jákvæð viðhorf í samskiptum og samstarfi.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Byggir á samvinnu og samstarfi fræðsluaðila og leiðsagnar (mentor) á vinnustað.

Verklok 1 – 2.16

F-SMIÐ 2 VL (1)

Þrep	2
Vinnustundir	15 (15+0)
Námsgrein	Smiðja, verkefni 6
Viðfangsefni	hvatning til framtíðar, lærdómur við verklok, verkdagbók o.fl.

Lýsing

Tilgangur námsþáttarinnar er að fara yfir námið sem heild með sérstaka áherslu á báða hluta vinnustaðanáms, Nemar eru þjálfuð í lestri launaseðils m.t.t. að nemar séu að fara út á vinnumarkað. Mikilvægt að nemar fái hvatningu til framtíðar, komist í starf sem hvert og eitt fellir sig við til að auka á eigin lífsgæði og vellíðan. Fjallað er um hvernig hefur gengið að nýta þá leiðsögn og þjálfun sem veitt var og árangur við vinnuna sem lagt var upp með. Samantekt á verkdagbók og hver nemi kynnrir sitt verkefni af vinnustað. Gert er ráð fyrir markmiða-setningu fyrir hvert og eitt, sem er að hluta til heimaverkefni. Kynnt er og þjálfuð gerð ferilskrár.

Við verklok fara nemi og leiðbeinandi yfir hvernig vinna verksins hafi gengið frá upphafi til loka. Miðað er við að nemi leggi til sitt mat á eigin vinnuframlagi til verksins.

Forkröfur: Þjálfun og sjálfstæð vinna 1-2.14 – eða samhliða, mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi leiðsagnar og þjálfunar í vinnustaðanámi
- hvernig góð vinnubrögð skila sér í betri heildar niðurstöðu vinnu
- mikilvægi þess að meta eigið vinnuframlag
- lesa og átta sig á innihaldi launaseðils
- vinna að gerð eigin markmiða.

Leikniviðmið: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- tileinka sér vinnubrögð sem kennd hafa verið
- sýna fram á aukið sjálfstæði í vinnubrögðum
- spjalla um námið sem heild
- vinna að gerð ferilskrár.

Hæfniviðmið: Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- kynna verkefni sitt í hópnum
- vinna að setningu eigin markmiða
- meta verk sitt með það fyrir augum að bæta árangur.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema. Byggir á samvinnu og samstarfi fræðsluaðila og leiðsagnar (starfsþjálfara/mentor) á vinnustað.



Viðaukar við námskrá, Smiðja 1 – 2.2 Færni á vinnumarkaði

Viðaukar
Verkdagbók
Matsviðmið – hæfniviðmið námsþátta
Hæfniviðmið námskeiða

Verkdagbók

Forsíða

Nafn nema:

Tilgangur verkdagbókar er að efla nám og vera vitnisburður um framvindu og árangur náms.

Í verkdagbók safnarðu efni til þess að:

- auðvelda þér upprifjun á efni smiðjunnar
- þú og leiðbeinendur eigið auðveldara með að meta framvindu og árangur verkefna og náms
- hafa vitnisburð um viðfangsefni og árangur þinn ef þú vilt sýna öðrum verkdagbókina.

- Nauðsynlegt er að færa í verkdagbók daglega, eða þegar unnið er við verk.
- Framsetning efnis getur verið texti, riss, teikning, ljósmynd, myndskleið og/eða hljóðritun eða á annan hátt sem nemi kys að færa verkdagbók.
- Dæmi um efni sem á erindi í verkdagbók:
 - verklýsing, áætlun, uppgjör og annað um undirbúning, skipulag og framvindu verks
 - minnisatriði, hugleiðingar og ályktanir
 - gátlistar, eyðublöð og leiðsagnarmat.



Innsíða

Vinnustofa / verkefni í _____ Blaðsíða ____ af _____

Unnið við:	Dags.	Frá kl.:	Til kl.:
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		
	/		

Út frá verklýsingu:

mynd, teikning, riss, myndatexti, minnisatriði, hugleiðing, ályktun og fleira eins og þurfa þykir.



DRÖG

